

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. desember 2007 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-33/2007:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 21. september sl. bað X, hér eftir líka nefnd álitsbeiðandi um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hennar á ísskáp hjá fyrirtækinu Y, hinn 11. júlí 2004. Álitsbeiðandi vill rifta kaupunum og fá kaupverðið endurgreitt.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin ritaði álitsbeiðanda bréf 25. september sl. og óskaði eftir ákveðnum útskýringum á efni álitsbeiðninnar. Álitsbeiðandi svaraði nefndinni með tölvubréfi, dags. 27. september sl.

Kæruneftndin gaf Y kost á andsvörum með bréfi, dags. 28. september sl., og bárust andsvörin 12. október sl. í bréfi, dags. 9. október. Í andsvörunum kemur fram að Y teldu ágreining um kaupin á ísskápnum ekki falla undir verksvið nefndarinnar. Kæruneftndin ritaði Y bréf, dags. 17. október sl., andmælti þeim skilningi og taldi að sér væri skylt að taka beiðni X til meðferðar. Jafnframt var Y á nýjan leik gefinn kostur á því að koma að andsvörum. Það gerði fyrirtækið með bréfi dags. 28. október sl. Hinn 8. nóvember voru álitsbeiðanda send andsvör Y til upplýsingar. Álitsbeiðandi sendi nefndinni athugasemdir 13. nóvember. Aðilum var tilkynnt með bréfi, dags. 27. nóvember sl., að nefndin hefði tekið beiðnina til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Sem fyrr segir keypti álitsbeiðandi ísskápinn 11. júlí 2004 fyrir kr. 194.999 en gefinn var 35% afsláttur af kaupverðinu. Álitsbeiðandi segir að vatnsvél ísskápsins hafi ekki virkað rétt og hafi oft þurft að leita til pípuþingamanna til að ráð bót á því. Ekki hafi fylgt leiðbeiningar um hvernig ætti að tengja ísskápinn við vatnslögn, en seljandinn hefði sagt að pípuþingamenn ættu að geta gert það. Slæmt bragð hafi verið af vatninu og þrívégis hafi verið skipt um síu fyrir vatnið. Að lokum hafi komið í ljós að ekki var rétt tegund af vatnsslöngu notuð við tenginguna. Álitsbeiðandi kvaðst hafa keypt nýja slöngu og tengt og væri nú allt í lagi.

Í athugasemdum álitsbeiðanda kemur fram að ekki sé krafist bóta úr hendi seljanda vegna þess hvernig tenging ísskápsins við vatn gekk fyrir sig. Af því leiðir að í áliti þessu verður ekki frekar fjallað um þetta atriði.

Álitsbeiðandi segir að kælikerfið í skápnum hafi síðan bilað og matur í honum afþiðnað. Viðgerðarmaður frá fyrirtækinu Z hafi komið og farið með skápinn á verkstæði. Þar sé hann enn og talinn vera í lagi. Kostnaður við viðgerðina hafi numið kr. 30.000.

Seljandi hafi ekki viljað greiða viðgerðarkostnað nema þann hluta sem færi fram úr kr. 30.000 þar sem þau hafi fengið ísskápinn á góðu verði.

IV

Andsvör gagnaðila

Seljandi segir að séu kaupin á ísskápnum neytendakaup taki hann undir það að viðgerðarkostnaður á skápnum eigi að greiðast af seljanda. Hins vegar eigi reikningar fyrir skoðun þjónustuaðila að greiðast af kaupanda þar sem hann hafi ekkert fundið að skápnum. Seljandi segir að riftun á kaupunum eigi ekki við þar sem hægt sé að leysa vandamálið til frambúðar með viðunandi hætti.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er með neytendakaupum átt við sölu hlutar til neytanda þegar seljandi eða umboðsmaður hans hefur atvinnu sína af sölu. Samkvæmt þessu ákvæði laganna skiptir ekki máli hvert söluverð hlutar er eða hve mikill afsláttur er gefinn af söluverðinu heldur aðeins það að um sölu sé að ræða og að seljandi hafi atvinnu sína af henni. Það er óumdeilanlegt að Y er sölufrýrtæki sem hefur atvinnu af sölu. Þess vegna falla þau kaup sem ágreiningur aðila stendur um undir neytendakaupalögin.

Kaupin á ísskápnum voru gerð 11. júlí 2004 og voru því u.þ.b. þrjú ár liðin þegar kælivél ísskápsins bilaði. Það er ótvírætt að slík bilun er galli í skilningi 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003, sbr. 15. gr. sömu laga. Ekki er annað upplýst en álitsbeiðandi hafi kvartað undan þessum galla án ástæðulausrar tafar, en ísskápurinn var sendur á þjónustuverkstæði seljanda þar sem gert var við hann. Álit kærunefndarinnar er að álitsbeiðandi eigi rétt á því að bera fyrir sig þennan galla á ísskápnum samkvæmt 2. málslíð 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaganna þar sem hann kom fram innan 5 ára frá því að kaupin voru gerð.

Álitsbeiðandi krefst riftunar á kaupum ísskápsins. Í 26. gr. neytendakaupalaganna er kveðið á um úrræði kaupanda vegna galla á söluhlut. Samkvæmt d-lið 1. mgr. greinarinnar getur kaupandi krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr. laganna. Í þeirri grein laganna segir að kaupandi geti í stað afsláttar krafist riftunar nema galli sé óverulegur. Ekki er annað upplýst um gallann en það að kælivél ísskápsins hafi bilað og kostað hafi kr. 30.000 að gera við hana. Meðal annars með það í huga að ísskápurinn er orðinn 3ja ára verður ekki talið að hér sé um verulegan galla að ræða. Af þeim sökum álitur kærunefndin ekki forsendur til þess að fallast á það að álitsbeiðandi eigi rétt á því að rifta kaupunum. Eins verður að líta til þess réttar seljanda að bæta úr galla á söluhlut, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 48/2003, en andsvör Y frá 28. október sl. verður að skilja svo að fyrirtækið sé nú reiðubúið til þess að greiða kostnaðinn við viðgerðina. Það er og álit kærunefndarinnar að Y sé skylt að greiða þann kostnað sem leitt hefur af viðgerð á bilun í kælivél í ísskáp álitsbeiðanda.

Álitsorð

Y er skylt að greiða álitsbeiðanda, X, þann kostnað sem leitt hefur af viðgerð á bilun í kælivél ísskáps hennar.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir